

Nr. 1256

18. desember 2008

GJALDSKRÁ um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, Garðabæ.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, Garðabæ, skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 190.500 á hvert hús.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ frá árinu 1991 og öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 18. desember 2008.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2009